

Mál nr. 426/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sönnun. Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttakið 6. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 19. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 20. mars 2025.

Málsatvik.

Ágreiningslaust er að bifreiðin B olli tjóni á bifreiðinni A 10. september 2024. Hins vegar greinir aðila á um hvort allar skemmdir á A megj rekja til þess áreksturs. Í málinu liggur fyrir skýrsla frá Aðstoð & Öryggi, dags. 22. október 2024. Þar segir m.a. eftirfarandi um tjón á A: „Sjáanlegt tjón var á vinstra framhorni [A]. Annars vegar voru finar grunnar rispur og svo mjög grófar og djúpar rispur þar fyrir neðan. Töluvert bil var á milli djúpu og grunnu rispanna, eða um 22-23 cm.“

Í málskoti færir M ítarleg rök fyrir því að allar þær framangreindu skemmdir á A sem Aðstoð & Öryggi gerir grein fyrir í skýrslu sinni, séu til komnar vegna þess að B keyrði á A. Því eigi M rétt að fá allt það tjón bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 19. mars 2025, kemur fram að ekki sé ágreiningur milli aðila um málsatvik. Ágreiningslaust sé að bifreiðin B hafi valdið tjóni á bifreiðinni A. Ágreiningur málsins lúti því aðeins að umfangi tjónsins og því hvort allar skemmdir á A verði raktar til þessa umrædda áreksturs. Í því sambandi bendir V á að í skýrslu frá Aðstoð & Öryggi, sé bent á samsvörun við lakk og gúmmilista á B en ekki tekin afdráttarlaus afstaða til þess hvort allar skemmdir á A séu af völdum þessa tiltekna áreksturs. Vísar V m.a. til þess að í skýrslunni standi orðrétt: „Skýrsluritari gat hins vegar ekki fundið neitt tjón á [B] sem svaraði við tjón neðst á vinstra framhorni [A], grófar djúpar rispur“. Auk framangreinds nefnir V að M vísi til þess í málskoti að viðgerð á frambretti A sem [...] hafi framkvæmt 13. ágúst 2024 sýni að engar skemmdir hafi verið til staðar fyrir tjónsdag 10. september 2024. Bendir V á að þetta sýni ekki fram á að ekki geti síðar hafa orðið skemmdir á framstuðara, enda liggi engin formleg skoðunarskýrsla fyrir um ástand framstuðara fyrir áreksturinn. Þá nefnir V að í athugasemdum við myndbandsupptökur fullyrði M að A hreyfist við áreksturinn á 9 sekúndu og aftur á 16 sekúndu. Telur félagið að þrátt fyrir þetta sé ekki sjálfgefið að þessi hreyfing hafi verið nægilega mikil til að valda öllum þeim skemmdum sem M krefst bóta fyrir. Að lokum dregur V þá ályktun af fyrirbyggjandi gögnum að ljóst sé að B hafi snert A, en að félagið telji að það sé ósannað að allar skemmdir á A séu vegna þessa áreksturs. Telur V því ósannað að skemmdir neðst á framhorni A séu af völdum þess að B ók á A. Í viðbótarathugasemdum M, dags. 20. mars 2025, ítrekar M m.a. að hann telji líklegast að dekkið á B hafi valdið grófu rispunni á vinstra framhorni A. Hafi starfsmaður Aðstoð & Öryggi horft fram hjá þessu í skýrslunni. Þá ítekar M einnig að A hafi 27 dögum fyrir óhappið verið í lakkviðgerð á frambretti. Telur M að það liggi í augum uppi að hann hefði látið gera við umrædda skemmd neðst á stuðaranum ef hún hefði verið til staðar á þeim tíma, nokkuð sem ekki hafi verið raunin.

Álit.

Ágreiningslaust er að bifreiðin B olli tjóni á bifreiðinni A 10. september 2024. Hins vegar greinir aðila á um hvort allar skemmdir á A sé að rekja til þessa umrædds áreksturs. Í málinu liggur fyrir skýrsla frá Aðstoð & Öryggi, dags. 22. október 2024. Þar kemur m.a. fram að skýrsluhöfundur hafi staðreynt sjáanlegar skemmdir á vinstra framhorni A. Annars vegar hafi þar verið grunnar rispur og svo mjög grófar og djúpar rispur þar fyrir neðan. Töluvert bil hafi verið milli djúpu og grunnu rispanna, eða um 22-23 cm. Telur skýrsluhöfundur að sýnileg ákoma á B bendi til þess að hluti af tjóninu á A verði rakið til B. Hvað varðar tjónið neðst á framstuðara A segir hins vegar eftirfarandi í skýrslunni: „Skýrsluritari gat hins vegar ekki fundið neitt tjón á [B] sem svaraði við tjón neðst á

vinstra framhorni [A], grófar djúpar rispur“.

Eins og gerð var grein fyrir að framan hefur V samþykkt að bæta það tjón á A sem skýrsluhöfundur frá Aðstoð & Öryggi telur að rekja megi til árekstursins, en hafnað að bæta tjónið á neðsta hluta stuðarans (þ.e. „grófar djúpar rispur“). M satti sig ekki við þær lyktir og vísaði málinu til nefndarinnar. Nefndin bendir á að það er M að sanna að við áreksturinn hafi meira tjón orðið á A en sem nemur því tjóni sem V hefur boðist til að bæta, sem er sambærilegt því tjóni sem skýrsluhöfundur frá Aðstoð & Öryggi færir rök fyrir að kunni að vera af völdum B. Þegar litið er til þeirra gagna sem liggja fyrir nefndinni, ekki síst niðurstöðu í skýrslu frá Aðstoð & öryggi, telur nefndin að M hafi ekki tekist sú sönnun. Því hafnar nefndin því að M eigi rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V, en þeim sem V hefur þegar boðist til að greiða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V en sem nemur bótum fyrir það tjón sem V hefur samþykkt að bæta.

Reykjavík, 9. apríl 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir